

Samþykktir Kumpána, félags félagsvísinda- og sálfræðinema.

Félagið og meðlimir þess

1.gr. Félagið heitir Kumpáni og er félag félagsvísinda- og sálfræðinema við Háskólann á Akureyri. Félagið hefur kennitöluna 421104-3790 og er aðsetur þess og varnarþing á Akureyri.

2.gr. Heimild til skráningar í félagið hafa eingöngu þeir stúdentar sem skráðir eru í nám við félagsvísinda- og sálfræðideild Háskólans á Akureyri og greitt hafa skrásetningargjald til skólans.

2.1. *Almennur frestur til að skrá sig í félagið rennur út 15. september kl. 23:59 ár hvert og ber stúdentum að skrá sig í félagið árlega.*

2.2. *Óski stúdent sem stundar nám við félagsvísinda- og sálfræðideild eftir því að skrá sig í félagið eftir að almennur skráningarfrestur er liðinn getur sá aðili þó skráð sig í félagið hvenær sem er gegn því að greiða félagsgjald, ákvarðað af stúdentaráði SHA ár hvert, til SHA. Sama gildir um stúdentar sem sannanlega stunda nám við félagsvísinda- eða sálfræðideild háskólans en eru undanþegnir skrásetningargjaldi, t.a.m. vegna skiptináms.*

2.3. *Hver félagi getur skráð sig úr félaginu hvenær sem er, sama hvaða ástæða liggur að baki.*

2.4. *Félagsmenn einir hafa atkvæðisrétt á aðal- og félagsfundum.*

3. gr. Markmið félagsins eru:

3.1. *Að gæta sameiginlegra hagsmuna stúdentar við félagsvísinda- og sálfræðideild og vera málsvari þeirra, innan skólans sem utan.*

3.2. *Að efla tengsl og samheldni meðal meðlima félagsins.*

3.3. *Að stuðla að góðri samvinnu við önnur aðildarfélög SHA.*

3.4. *Að standa fyrir viðburðum, s.s. ferðum, fræðslufundum og skemmtunum fyrir félagsmenn.*

4. gr. Sitji enginn í stjórn félagsins leysist það upp og skulu þá öll réttindi og skyldur þess renna til SHA.

5. gr. Allir þeir sem sinna trúnaðarstörfum fyrir félagið eru bundnir trúnaði um viðkvæm mál og mál einstakra stúdentar sem þeir kunna að verða áskynja við störf sín fyrir félagið.

Aðalfundur og kosningar

6. gr. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur Kumpána skal halda minnst sjö dögum fyrir aðalfund SHA.

7. gr. Boða skal til aðalfundar með auglýsingu á tryggilegan hátt, með sjö daga fyrirvara hið minnsta, og telst hann þá lögmætur. Ef aðalfundur telst ekki lögmætur skal boða til nýs aðalfundar að viku liðinni og telst sá fundur lögmætur.

8. gr. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Fundur settur.

2. Skipun kjörnefndar.

3. Skýrsla forseta

4. Afgreiðsla reikninga.

5. Samþykktabreytingar.

6. Kosning forseta

7. Kosning annarra stjórnarmeðlima:

Kosning varaforseta

Kosning fjármálastjóra.

Kosning samskiptafulltrúa.

8. Kosning og skipan fulltrúa í fastanefndir SHA:

Skipaðir aðilar í viðburðanefnd. Fjöldi aðila er ekki takmörkuð.

Kosnir tveir aðilar í kynninganefnd, annar úr félagsvísindadeild og hinn úr sálfræðideild.

Kosning fulltrúa í alþjóðanefnd.

9. Kosning í önnur embætti:

Kosning fulltrúa og varafulltrúa félagsvísindaeildar.

Kosning fulltrúa og varafulltrúa sálfræðideildar.

Kosning fulltrúa og varafulltrúa í matsnefnd félagsvísinda- og sálfræðideildar.

10. Önnur mál.

11. Stjórnarskipti

12. Fundi slitið.

9. gr. Stjórnarmeðlimir og aðrir fulltrúar eru kosnir með leynilegum atkvæðagreiðslum á aðalfundi félagsins.

9.1. Aðeins félagsmenn Kumpána hafa atkvæðisrétt og kjörgengi í stjórn og önnur embætti sem kosið er til á aðalfundi.

9.2. Skipa skal a.m.k. einn aðili í kjörnefnd sem skal vera utan fráfarandi stjórnar og ekki í framboði til nýrrar stjórnar Kumpána. Kjörnefndin skal annast skipulag og framkvæmd kosninga á aðalfundi.

9.2.1. Aðili í kjörnefnd þarf ekki að vera skráður í Kumpána.

9.3. Einfaldur meirihluti skal ráða niðurstöðum kosninga á aðalfundi. Falli atkvæði jafnt við kjör skal endurtaka kosningu á milli viðkomandi frambjóðenda. Ef kosningin er enn jöfn ræður atkvæði fráfarandi formanns.

9.4. Veita skal framboðsfrest þar til einum sólarhring fyrir boðaðan aðalfund.

9.5. Framboð skulu berast á netfang Kumpána: kumpani@unak.is.

9.6. Berist aðeins ein framboðsyfirlýsing í embætti fyrir framboðsfrest er sá aðili sjálfkjörinn.

9.7. Berist ekki nægilega margar framboðsyfirlýsingar til að fullmanna öll embætti félagsins er heimilt að opna fyrir framboð á aðalfundi. Standi embætti enn laust að loknum aðalfundi færast ábyrgð þess embættis á stjórnarmeðlim sem formaður velur, þar til framboð berst.

10. gr. Samþykktabreytingar skulu einungis eiga sér stað á aðalfundi. Til að slík breyting öðlist gildi þarf hún að hljóta samþykki einfalds meirihluta þeirra félagsmanna sem mættir eru á aðalfund. Tillögur um breytingar á samþykktum skulu berast fundarstjóra fyrir 5. lið dagskrár aðalfundar eins og segir í 8. grein.

10.1. Öllum meðlimum Kumpána er heimilt að leggja fram samþykktabreytingartillögu.

11.gr. Fráfarandi stjórn skal funda með nýrri stjórn félagsins innan við viku frá stjórnarskiptum. Á þeim fundi skal fráfarandi stjórn skila af sér öllum gögnum, sem og eigum félagsins, ásamt því að kynna mál félagsins fyrir nýrri stjórn.

11.1. Ný stjórn skal taka við á aðalfundi félagsins en fráfarandi stjórn er skyldug til að vera nýkjörinni stjórn innan handar allt að viku eftir stjórnarskipti eða ef þörf er á fram að skiptafundi SHA.

Stjórn

12. gr. Stjórn Kumpána skal skipuð sex staðbundnum stúdentum sem uppfylla skilyrði 2. gr. um félagsaðild.

12.1. Stjórnarmeðlimir gegna eftirfarandi embættum: Forseti, varaforseti, fjármálastjóri, samskiptafulltrúi, fulltrúi nýnema í félagsvísindadeild og fulltrúi nýnema í sálfræðideild.

12.1.1. Meti stjórn félagsins sem svo að þörf eða eftirspurn sé eftir embætti nýnemafulltrúa úr lögreglufræði þá skal stjórn félagsins auglýsa og ganga frá kjöri hans sem þá verður fullgildur meðlimur stjórnar.

12.2. Ef stjórnarmeðlimir yfirgefa félagið, eða ef nýnemafulltrúar eru kjörnir í önnur embætti á aðalfundi, hefur stjórn heimild til að sitja áfram með færri stjórnarmeðlimi en sex. Þó skulu stjórnarmeðlimir aldrei vera færri en fjórir. Þá skulu skyldur fráfarandi stjórnarmeðlims færast yfir á aðra meðlimi stjórnar eftir ákvörðun forseta.

12.3. Stjórn Kumpána situr stjórnarfundum og fer með æðsta ákvörðunarvald félagsins á milli aðalfunda.

12.4. Stjórninni er heimilt að kalla á sinn fund fulltrúa Kumpána í nefndum og ráðum. Fulltrúar þessir hafa málfrelsi og tillögurétt en hafa þó ekki atkvæðisrétt.

12.5. Fulltrúar nemenda á deildarfundum sem eru utan stjórnar hafa málfrelsi, áheyrnar- og tillögurétt á stjórnarfundum en hafa þó ekki atkvæðisrétt.

12.6. Á stjórnarfundum Kumpána ræður meirihluti atkvæða úrslitum mála. Ef atkvæði falla jafnt ræður atkvæði forseta, nema ef um fjármál er að ræða en þá ræður atkvæði fjármálastjóra.

12.7. Forseti er fulltrúi í stúdentaráði SHA og sinnir þeim skyldum nema að stjórn kjósi sérstaklega um annað. Sjái forseti félagsins sér ekki fært að sitja í stúdentaráði hefur stjórn Kumpána rétt á því að kjósa sér nýjan fulltrúa innan stjórnar til að sinna þeim skyldum.

13. gr. Hlutverk forseta eru eftirfarandi:

13.1. Forseti Kumpána er fulltrúi félagsins í stúdentaráði SHA nema stjórn ákveði annað. Ásamt því er forseti í forsvari fyrir félagið og kemur fram fyrir hönd þess út á við. Forseti hefur yfirumsjón með framkvæmdum á vegum félagsins og ber endanlega ábyrgð á málefnum þess.

13.2. Forseti boðar til félags- og stjórnarfundum svo oft sem þörf krefur. Forseti er fundarstjóri á slíkum fundum eða sér um að skipa annan fundarstjóra.

13.3. Forseti sér um að úthluta verkefnum til annarra stjórnarmeðlima og hefur yfirumsjón með félagsstarfi Kumpána. Skal forseti sjá til þess að verkaskipting stjórnar sé eins jöfn og mögulegt er.

13.4. Forseti skal sjá til þess að samþykktir félagsins séu uppfærðar í samræmi við þær breytingar sem samþykktar hafa verið á aðalfundi. Forseti sér einnig um að kynna samþykktir félagsins sem og samþykktir SHA fyrir öðrum stjórnarmeðlimum og skal það gert innan sjö daga eftir stjórnarskipti.

13.5. Forseti hefur yfirumsjón með tölvupóstfangi félagsins.

13.6. Forseti sér um gerð ársskýrslu félagsins í samstarfi við stjórn.

13.7. Hætti forseti störfum skal varaforseti taka við störfum hans.

14. gr. Hlutverk varaforseta eru eftirfarandi:

14.1. Varaforseti skal vera formanni innan handar í öllum málum og gegna starfi formanns í forföllum hans. Varaforseti er jafnframt staðgengill forseta í stúdentaráði SHA nema stjórn ákveði annað.

14.2. Ef varaforseti getur ekki gegnt því hlutverki af einhverjum ástæðum skal annar stjórnarmeðlimur taka hans stað.

14.3. Varaforseti gegnir starfi ritara félagsins. Hann skal skrá fundargerðir stjórnarfundna og færa inn á Teams svæði stjórnarinnar jafnóðum. Hann skal einnig hefja alla stjórnarfundna á því að leggja fram fundargerð síðasta fundar til samþykktar. Fyrir stjórnarskipti skal varaforseti sjá til þess að allar fundargerðir fráfarandi stjórnar séu inni á Teams svæði Kumpána.

14.4. Varaforseti tekur þátt í undirbúningi og skipulagningu félagsstarfs ásamt öðrum stjórnarmeðlimum.

15. gr. Hlutverk fjármálastjóra eru eftirfarandi:

15.1. Fjármálastjóri hefur yfirumsjón með fjárreiðum á vegum félagsins, í samráði við stjórn.

15.2. Fjármálastjóri hefur prókúru félagsins og ber ábyrgð á greiðslukorti.

15.3. Fjármálastjóri skal útbúa ársreikning og standa skil á fjárreiðum félagsins á aðalfundi.

15.4. Fjármálastjóri tekur þátt í undirbúningi og skipulagningu félagsstarfs ásamt öðrum stjórnarmeðlimum.

15.5. Fjármálastjóri skal vera í virku samstarfi með rekstrarstjóra SHA.

16. gr. Hlutverk samskiptafulltrúa eru eftirfarandi:

16.1. Samskiptafulltrúi hefur yfirumsjón með samfélagsmiðlum félagsins og ber t.a.m. ábyrgð á því að viðburðir séu auglýstir með góðum fyrirvara.

16.2. Samskiptafulltrúi sér um samskipti við stúdenta samhliða formanni.

16.3. Samskiptafulltrúi sér um samskipti við fyrirtæki í sambandi við vísindaferðir og hefur yfirumsjón með skipulagningu slíkra ferða.

16.4. Samskiptafulltrúi tekur þátt í undirbúningi og skipulagningu félagsstarfs ásamt öðrum stjórnarmeðlimum.

17. gr. Hlutverk nýnemafulltrúa félagsvísindadeildar eru eftirfarandi:

17.1. Nýnemafulltrúi skal vera tengiliður stjórnar við stúdenta á fyrsta ári við félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri.

17.2. Nýnemafulltrúi skal vera kosinn með leynilegri, rafrænni atkvæðagreiðslu í byrjun haustmisseris ár hvert. Ef aðeins eitt framboð berst, er sá aðili sjálfkjörinn.

17.3. Nýnemafulltrúi tekur þátt í undirbúningi og skipulagningu félagsstarfs ásamt öðrum stjórnarmeðlimum.

17.4. Nýnemafulltrúi situr í stjórn út skólaárið, nema hann sé kosinn í annað embætti innan stjórnar á aðalfundi.

17.5. Sé sitjandi fulltrúi kjörinn í annað embætti á aðalfundi, er ákvörðun í höndum stjórnar um hvort staða nýnemafulltrúa falli niður út skólaárið eða annar aðili sé tilnefndur í hans stað.

18. gr. Hlutverk nýnemafulltrúa sálfræðideildar eru eftirfarandi:

18.1. Nýnemafulltrúi skal vera tengiliður stjórnar við stúdenta á fyrsta ári við sálfræðideild Háskólans á Akureyri.

18.2. Nýnemafulltrúi skal vera kosinn með leynilegri, rafrænni atkvæðagreiðslu í byrjun haustmisseris ár hvert. Ef aðeins eitt framboð berst, er sá aðili sjálfkjörinn.

18.3. Nýnemafulltrúi tekur þátt í undirbúningi og skipulagningu félagsstarfs ásamt öðrum stjórnarmeðlimum.

18.4. Nýnemafulltrúi situr í stjórn út skólaárið, nema hann sé kosinn í annað embætti innan stjórnar á aðalfundi.

18.5. Sé sitjandi fulltrúi kjörinn í annað embætti á aðalfundi, er ákvörðun í höndum stjórnar um hvort staða nýnemafulltrúa falli niður út skólaárið eða annar aðili sé tilnefndur í hans stað.

19. gr. Hlutverk nýnemafulltrúa lögreglufræði eru eftirfarandi:

19.1. Nýnemafulltrúi skal vera tengiliður stjórnar við stúdenta á fyrsta ári í lögreglufræði Háskólans á Akureyri.

19.2. Nýnemafulltrúi skal vera kosinn með leynilegri, rafrænni atkvæðagreiðslu í byrjun haustmisseris ár hvert, ákveði stjórn sem svo. Ef aðeins eitt framboð berst, er sá aðili sjálfkjörinn.

19.3. Nýnemafulltrúi tekur þátt í undirbúningi og skipulagningu félagsstarfs ásamt öðrum stjórnarmeðlimum.

19.4. Nýnemafulltrúi situr í stjórn út skólaárið, nema hann sé kosinn í annað embætti innan stjórnar á aðalfundi.

19.5. Sé sitjandi fulltrúi kjörinn í annað embætti á aðalfundi, er ákvörðun í höndum stjórnar um hvort staða nýnemafulltrúa falli niður út skólaárið eða annar aðili sé tilnefndur í hans stað.

20. gr. Hlutverk fulltrúa félagsvísindadeildar og sálfræðideildar eru eftirfarandi:

20.1. Fulltrúar deilda skulu vera tengiliðir stjórnar Kumpána við nemendur í félagsvísinda- eða sálfræðideild.

20.2. Fulltrúar deilda skulu sitja fræðasviðsfundi Hug- og félagsvísindasviðs, fundi stjórnar Hug- og félagsvísindasviðs, deildarráðsfundi og deildarfundi eftir því sem við á og skrifstofustjóri óskar eftir.

20.3. Fulltrúar deildanna bera ábyrgð á að kalla til varafulltrúa í forföllum sínum. Stjórn Kumpána ber þó endanlega ábyrgð á því að skyldum fulltrúa sé sinnt.

20.4. Stjórn er heimilt að tilnefna fulltrúa hvorrar deildar ef ekki berst framboð á aðalfundi.

21. gr. Á félagsfundum geta meðlimir Kumpána borið upp vantraust á meðlim félagsins eða stjórnarmeðlim. Tillagan þarf að hljóta samþykki 2/3 viðstaddra á fundinum til að hún nái fram að ganga. Lágmarksfjöldi viðstaddra skal vera 1/10 félagsmanna til að hægt sé að afgreiða tillöguna.

20. gr. Segi stjórnarmeðlimur af sér eða ef vantraust á stjórnarmeðlim er samþykkt, skal stjórn Kumpána óska eftir framboðum í stöðuna og kjósa nýjan stjórnarmeðlim. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum en falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns.

23. gr. Segi þrír eða fleiri stjórnarmeðlimir af sér, eða vantraust á þrjá eða fleiri stjórnarmeðlimi er samþykkt, telst stjórnin vanhæf. Í því tilfalli skal boða til félagsfundar innan sjö daga þar sem ný stjórn er kosin.

Félagsfundur

24. gr. Félagsfundur skal haldinn ef 1/5 félagsmanna eða meirihluti stjórnar fer skriflega fram á félagsfund. Fundurinn skal haldinn innan sjö daga og ber stjórninni að boða til fundarins með tryggilegum hætti með minnst tveggja daga fyrirvara.

Fjármál

25. gr. Stjórn félagsins hefur heimild til þess að leita fjármagns utan veggja háskólans, í formi styrkja eða samstarfssamninga.

26. gr. Reikningar félagsins skulu miðast við aðalfund ár hvert.

27. gr. Stjórn Kumpána skal ganga úr skugga um að lausafjárstaða félagsins við stjórnarskipti sé hvorki hærri né lægri en verklagsreglur SHA um aðildarfélög segja til um.

28. gr. Stjórn Kumpána er heimilt að greiða út umbun til fráfarandi stjórnar fyrir störf í þágu félagsins og skóla, nema fjárhagur félagsins leyfi það ekki. Umbunin skal vera andvirði aðgöngumiða á árshátíð SHA. Forseti hefur vald til þess að umbuna aðeins hluta stjórnar ef einhverjir stjórnarmeðlimir hafa ekki sinnt embætti sínu sem skyldi.

28.1. Skal forseti taka þessa ákvörðun í samráði við fjármálastjóra, nema forseti telji fjármálastjóra ekki hafa sinnt starfi sínu eftir bestu getu.

Önnur ákvæði

29. gr. Samþykktir félagsins skulu ávallt vera aðgengilegar í nýjustu útgáfu á vef SHA.

30. gr. Stangist ákvæði í samþykktum Kumpána á við samþykktir SHA skulu samþykktir SHA ráða. Gera skal viðeigandi úrbætur á samþykktum á næsta aðalfundi.

Þessar samþykktir voru samþykktar á aðalfundi Kumpána 26/2/26 kl. 17:26 í stofu N202 í Háskólanum á Akureyri.